

1. að kirkjur þær, sem nú eru í nefndu prestakalli á Höfða og Grýtubakka og 51
 áhöld (inventarium) þeirra, sem og sjóður sá, er Grýtubakka kirkja nú á, leggist til 30. des.
 hinnar nýu kirkju. 1880.

2. að sóknarmenn prestakallsins leggi sjálfir fram kostnaðinn, sem leiðir af smíði
 hinnar nýu kirkju, að svo miklu leyti, sem andvirði hinna nú verandi kirkna og sjóður
 Grýtubakka kirkju ekki nægir til þess.

3. að hin nýa kirkja verði höfð svo stór, að hún sje nægileg fyrir sóknarmenn
 alls prestakallsins, og að hún verði svo úr garði gjörð, að hún sje sæmilegt og veglegt
 guðshús fyrir söfnuðinn og

4. að eigandinn að Grýtubakka kirkju megi losa sig við þá kvöð, sem hingað til
 hefir hvílt á nefndri jörð, að svara árlegri prests mötu af eign sinni með 120 pnd. smjörs,
 með því móti að hann afsali frá sjer til prestakallsins jörðinni Svæði, svo og greiði því
 í ríkisskuldabriefum og reiðum peningum 650 kr. upphæð.

Þetta læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra
 landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun hreppstjóra. — Í 52
 þóknanlegu brjefi frá 23. nóv. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið því til ráð- 14. jan.
 gjafans, hvort eigi skyldi semja frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum til þess
 það yrði lagt fyrir alþingi í sumar komanda; skyldi frumvarp þetta samið eptir megin-
 reglum þeim, sem þjer nákvæmar tækuð til, einkum þannig, að ferner launaupphæðir
 yrðu fastákveðnar hver um sig 100 kr., 80 kr., 60 kr. og 40 kr. og að helmingur
 launnanna greiddist úr landssjóði, hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts.

Þar eð nú hreppstjórnarnir, eins og þjer, herra landshöfðingi hafið tekið fram,
 verða að skoðast sem starfsmenn í þarfir sveitarfjelaganna (kommunale bestillingsmænd)
 virðist svo, sem gagnstætt væri rjettum grundvallarreglum að leggja á landssjóð að
 greiða þeim laun, og það því fremur, sem þeir ekki einu sinni eru fastir starfsmenn, en
 geta vikið úr þjónustunni eptir 3 ár. Ráðgjafanum þykir því viðsjárvert, að stuðla til
 að slík launalög sem þau, er þjer hafið stungið upp á, og sem íþyngja myndi landssjóði
 mjög mikið, fái framgang, en verður að ætla, að það sjeu þau sveitarfjelögin, sem hreppstjór-
 arnir starfa fyrir, sem eigi að greiða þeim þóknun fyrir starfa þeirra, að svo miklu
 leyti, sem það er nauðsynlegt.

En á hinn bóginn virðist ráðgjafanum að ástæða gæti verið til að reyna að
 útvega sýslunarmönnum þessum meiri tekjur með því, að endurskoða og breyta ákvörðun-
 um þeim í aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830 VIII. kap., sem veita hreppstjórum
 óhæfilega lítil laun fyrir að framkvæma þingleg störf, og með því að slík aðferð til að
 launa hreppstjórunum sýnist hvað öðru líður að vera samkvæmari ásigkomulagi starfa
 þess, er þeir hafa á höndum, en föst laun, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra
 landshöfðingi, að endurskoða í nefndu skyni ákvarðanir aukatekjureglugjörðarinnar og
 síðan semja og senda hingað lagafrumvarp í þá átt, svo að það verði lagt fyrir alþingi.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðskrá lyfsala. — Eptir 53
 að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 4. nóvember f. á. um 14. jan.
 beiðni Krügers lyfsala í Reykjavík, er þjer endursenduð með sama brjefi, og sem hið

53 konunglega heilbrigðisráð hafði sent ráðgjafanum til ráðstöfunar, lætur ráðgjafinn ekki
 14. jan. undanfalla að tjá yður það, sem hjer greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum.

Ráðgjafinn verður samkvæmt því, sem frá er skýrt í álitu því frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdöminu, er fylgdi fyrgreindu brjefi yðar, að vera á sama máli og þjer, að fyrkjeð beiðni verður alls ekki til greina tekin, að svo miklu leyti sem þar kemur fram umkvörtun yfir því, að yfirvöldin sýni ekki tilhlýðilega rögg af sjer til að sporna við árásum þeim, sem gjörðar eru á einkarjett lyfsalanna, hvað meðalasalú snertir.

Að því er þessu næst snertir beiðni þá, sem beiðandinn kemur með síðast í erindi sínu bæði sinna vegna og Möllers lyfsala á Stykkishólmi, að hækka megi verð þeirra meðala, sem búin eru til úr vínanda (spiritus) með hliðsjón af því, að hár aðflutningstollur er lagður á brennivín og aðra áfenga drykki, — hefir herra landshöfðinginn látið í ljósi, að með því heilbrigðisráðið hefir þegar 31. ágúst 1876 skotið því til ráðgjafans að hækka verðið fyrir hjernefnd lyf til þess að bæta lyfsölum upp tollgjaldið af vínanda þeim, sem í þau er hafður, megi þar sem tollur þessi nú hefir verið hækkaður um 50% með lögum 7. nóvember 1879, álíta það sanngjarnt, að lyfjaverðið verði hækkað að minnsta kosti svo mikið, sem þá var stungið upp á.

Hjer við er nú samt athugavert, að heilbrigðisráðið lýsti því yfir með berum orðum í brjefi því, sem þjer, herra landshöfðingi, vitnið til, að það sæi sjer ekki fært að skera úr því, hvort það, þegar á allt er lítið, væri nauðsynlegt að gefa lyfsölum nokkra uppbót fyrir þann toll, sem lagður er á aðflutning af vínanda til Íslands með tilskip. 26. febr. 1872 og lögum frá 11. febr. 1876; en yrði nú þessari spurningu svarað játandi, myndi heilbrigðisráðið kjósa, svo að eptirlitið yrði hægra, — heldur en að verðskráin hækkaði einungis á þeim meðölum, sem búin eru til úr vínanda, eins og hinn þáverandi lyfsali í Reykjavík, Randrup, hafði stungið upp á, — að lyfsölum á Íslandi væri leyft að reikna sjer 12½% fram yfir verðskrá þá, sem gildir hjer á landi fyrir allar lyfsalavörur í staðinn fyrir 10%, sem hingað til hefir átt sjer stað. En eins og ráðgjafanum þá fannst það ísjárvert að stuðla til þess, að verð á öllum meðölum væri hækkað, þar sem það var ærið hátt áður, þannig virðist ekki heldur nú, þó tollurinn af vínanda síðan hafi hækkað enn meira, að komin sje nægileg ástæða til að gjöra neina gangskör að slíku. Því það er hvorttveggja, að skaði sá, sem þetta gjald leiðir af sjer fyrir lyfsala, er ekki þess eðlis, að lyfsalar eigi heimting á endurgjaldi fyrir hann, enda er skaðinn ekki mikill, eptir því, sem tekið er fram í brjefi herra landshöfðingjans frá 12. júní 1876 um vínandamegn það, sem ætla má á, að lyfsalar flytji út hingað til afnota við atvinnu sína.

Með því nú að hin umbeðna verðhækkun á þeim meðölum einum, sem tilbúin eru af vínanda, myndi, eptir því sem heilbrigðisráðið hefir áður látið í ljósi, gjöra það örðugra að líta eptir því, að farið verði eptir verðskránni, og enn fremur hafa þann annmarka við sig í framkvæmdinni, að ef hækkunin ætti að fara eptir því, hversu mikið af vínanda væri haft til að búa til hvert læknismeðal um sig, — og álitur ráðgjafinn að það ætti að vera, hvað öðru líður, — myndi verða nauðsynlegt að ákveða nýtt verð fyrir hvert læknismeðal fyrir sig, sem vínandi er hafður í, hefir þessi hluti beiðninnar ekki heldur orðið tekinn til greina.